

37

19. júní

19. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir rafveitu Eskifjarðarhrepps frá 1925 og viðauki við sömtu reglugerð frá 20. apríl 1929.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

38

19. júní

## G J A L D S K R Á

fyrir rafveitu Eskifjarðarhrepps.

1. gr.

I. Um mæli: kr. 0,70 fyrir hverja kilóvattstund.

II. Án mælis: fyrir hvert watt greiðist yfir ljósárið:

1. Í íbúðarhúsum .....	50	aurar
2. Á bátabryggjum, geymslu-, sjó-, og útihúsum .....	20	—
3. Á hafskipabryggjum .....	30	—

2. gr.

Rafmagnsgjöld eftir mæli ber að greiða, þegar þau verða krafín. Rafmagnsgjöld án mælis skal greiða fyrir 1. okt. hvert ár fyrir það ljósár, sem þá er byrjað.

3. gr.

Hafi gjaldið ekki verið greitt hálfum mánuði eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeiganda, enda hafi honum verið tilkynnt það skriflega. Gjaldið má taka lögtaki.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsveitu Eskifjarðarhrepps frá 8. apríl 1925.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*